

Heimaverkefni – 2. kennslustund

Lestu frásagnir nokkurra annarra 9. bekkinga og svaraðu síðan spurningunum.

HEFURÐU EINHVERN TÍMA FREISTAST TIL AÐ GERA EITTHVAÐ BANNAD'?

Hrund: – Ég man alveg eftir því þegar ég svindlaði fyrst í prófi. Ég vissi að nokkrir höfðu gert þetta og ég hafði ekki haft nægan tíma til að læra allt. Ég skrifaði nokkur atriði inn í lófann á mér. Ég man að mér leið eins og stórglæpamanni og ég svitnaði. Í raun var ég miklu stressaðri yfir því hvort það kæmist upp um mig heldur en hvernig ég myndi standa mig á prófinu.

Helgi: – Í vetur fór ég í útilegu og við strákarnir ákváðum að krúnuraka okkur. Mig langaði bara að gera eitthvað öðruvísi. Pabbi var ekkert allt of hrifinn! En maður vakti þó að minnsta kosti athygli í skólanum. Geðveikt fundið hvað sumir urðu hræddir við mig.

Ingileif: – Ég veit ekki hvort það sé freisting eða ekki. Ég borga oft 80 kr. í stað 130 kr. í strætó. Ég tími ekki að borga svona mikið en auðvitað er ég alveg með í magnum hvort bílstjórinn fatti að ég sé að svindla.

Þorgrímur: – Í fyrra fór ég með vinum mínum í bókabúð. Við vorum bara að skoða. Ég var í hettupeysunni minni og skopparabuxunum. Allt í einu stakk Gulla einhverju ofan í hettuna á peysunni minni. Ég varð alveg lamaður í hnjánunum. En Gulla sagði að það hefði enginn tekið eftir því. Mér leið eins og dópsmyglara þegar ég fór út um dyrnar. Gulla hafði stungið pennasetti í hettuna mína. Ég fæ ennþá í magann þegar ég kem inn í búðina. En hún Gulla .. æ ég veit ekki.

HVAÐ UM REYKINGAR? HEFURÐU FREISTAST TIL AÐ PRÓFA AÐ REYKJA?

María: – Ég prófaði að reykja í fyrsta sinn þegar ég var 12 ára og var heima hjá mér með vinkonu minni. Mamma mín reykir og við stálum nokkrum sígarettum frá henni. Pakkinn lá á borðinu. Við vorum inni í stofu. Mamma var ekki heima. Við prófuðum vegna þess að okkur fannst það spennandi. Við stóðum fyrir framan spegilinn og horfðum á okkur reykja. Þetta var eiginlega svolítið hallærislegt. En samt þínulítið þægilegt að finna hvernig okkur svimaði. En svo varð okkur alveg ógeðslega flökurt...

Pórir: – Við mamma lentum í heiftarlegu rifrildi. Og þá reykti ég bara til að gera eitthvað sem ég veit að hún er á móti. Ég var á leiðinni út í sjoppu og um kvöldið reykti ég örugglega 3 sígarettur!

Anna: – Ég vann úti á landi í sumar. Þegar ég kom í bæinn voru eiginlega allar stelpurnar byrjaðar að reykja. Eitt kvöldið hittumst við allar út við verslunarmiðstöð. Ég veit ekki af hverju ég þáði sígarettu þegar Stína bauð mér, æ .. þær voru allar að reykja og ég var eitthvað svo asnaleg. Það var samt enginn að neyða mig til þess, enginn svona hópprýstingur, mig langaði bara til að vera með.



Heimaverkefni - 2. kennslustund

SVARAÐU ÞESSUM SPURNINGUM HREINSKILNISLEGA

Sé plássið of lítið fyrir hvert svar geturðu skrifað aftan á blaðið eða á annað blað.

1. Hefur það komið fyrir þig að freistast til að gera eitthvað sem þú veist að þú mátt ekki eða eitthvað sem er beinlínis bannað? Hvað var það?

Hvað fékk þig til þess, telur þú?

2. Hvað gefur það þér og/eða öðrum að gera eitthvað „óleyfilegt“?

3. Hvað annað (eitthvað leyfilegt) geturðu gert í sama tilgangi?

4. Hefurðu einhvern tíma freistast til að reykja eða langað til þess? Lýstu aðstæðunum! (Hvenær, hvar, með hverjum?)

5. Hvað var það við þessar aðstæður sem freistaði þín sérstaklega?

6. Hvernig brástu við freistingunni?

Dróstu einhvern lærdóm af þessu?

Hvernig hefðirðu getað brugðist öðruvísi við?

